

## Rannsóknastefna Lbhí

### Inngangur

Góður háskóli byggir á öfluggu og alþjóðlega viðurkenndu rannsókn- og þróunarstarfi og á sköpun og miðlun þekkingar. Hlutverk Lbhí er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurslóðum (Stefna Lbhí 2019–2024, bls. 6). Við Lbhí fara fram bæði grunnrannsóknir og hagnýtar þjónusturannsóknir. Rannsóknir eru skapandi starf sem stjórnast fyrst og fremst af þeim drifkrafti sem knýr hvern vísindamann. Gæði rannsókna eru best tryggð með jafningjamati sem byggir á birtingu niðurstaðna á ritrýndum vettvangi og áhrifamati þeirra, vísindalegu og samfélagslegu.

### Markmið

Meginmarkmið rannsóknastefnu Lbhí eru:

- Að byggja upp öflugt rannsóknastarf sem styður við kennslu skólans, eflir orðspor hans út á við og býr til nýja þekkingu fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf;
- að rannsóknir við skólann uppfylli alþjóðlegar kröfur til vandaðra vísindarannsókna;
- fjöldi ritrýndra greina og annars fræðilegs efnis sem birt er í nafni Lbhí jafnist á við það sem best gerist í sambærilegum háskólum;
- að vísindamenn Lbhí setji sér það markmið að vera virkir þátttakendur í vísindasamfélaginu og að öðlast alþjóðleg áhrif og viðurkenningu fyrir störf sín;
- að öllu jöfnu sé opinn aðgangur að fræðilegu efni sem vísindamenn Lbhí gefa frá sér;
- að vísindamenn Lbhí miðli þekkingu og rannsóknaniðurstöðum á formi sem nýtist atvinnuvegum og almenningi;
- að vísindamenn Lbhí séu virkir í samfélagsumræðu á grundvelli sinnar faglegu þekkingar og að skólinn styðji við þá virkni;
- að akademískt frelsi ríki við Lbhí og að hver vísindamaður hafi sjálfðæmi um val á viðfangsefnum, túlkun niðurstaðna og birtingu þeirra, innan þess ramma sem ráðningarsamningur viðkomandi og siðareglur Lbhí marka.

### Viðfangsefni og umgjörð rannsókna

Meginviðfangsefni rannsókna við Lbhí eru á fræðasviðum náttúruvísinda og auðlinda- og búvísinda. Undirflokkar sem Lbhí leggur áherslu á eru m.a. búfjárfræði, fóðurfræði, hestafræði, jarðrækt, garðyrkja, landgræðslufræði, skipulagsfræði, skógfræði, umhverfisfræði og umhverfisskipulag/landslagsarkitektúr. Innan þessara fræðasviða ráðast verkefni af áhugasviðum einstakra vísindamanna og þörfum samfélagsins.

Öll ferli og viðmið sem lúta að mannráðningum, framgangi og úthlutun rannsóknafjármagns, ef um það er að ræða, miða að því að auka afrakstur og áhrif rannsókna Lbhí, en lúta að öðru leyti

lögum og reglum um opinbera háskóla á Íslandi. Við ráðningar og framgang í akademísku starfi við Lbhí er náið samstarf við Háskóla Íslands og miðað við þær reglur sem þar gilda.

Laun og framgangur í starfi eru mikilvægir hvatar í rannsóknastarfi Lbhí. Umbuna skal vísindamönnum skólans í samræmi við verk og árangur.

Óháðir sérfræðingar skulu árlega meta árangur rannsókna Lbhí og byggja það mat á akademískum og samfélagslegum mælikvörðum. Vísindanefnd Lbhí skilgreini mælikvarða fyrir samfélagslega virkni vísindamanna Lbhí sem taki m.a. til umfangs verkefna, vinnu fyrir stjórnvöld og þátttöku í samfélagsumræðu. Lbhí kappkostar að skapa hvetjandi umhverfi til rannsókna, m.a. með því að efla samvinnu milli starfsfólks, með því að gera akademísku starfsfólki kleift að taka sér rannsóknaleyfi, með því að bjóða vísindamönnum aðstoð við umsóknarvinnu og tryggja þeim viðeigandi aðstöðu, svo sem er varðar vinnurými, gagnavinnslu og greiningu, bókhaldsaðstoð, aðstoðarfólk o.fl. Við Lbhí skal starfa vísindanefnd, sem skipuð er einum fulltrúa frá hverri deild auk formanns skipuðum af rektor í samráði við forseta deilda. Nefndin fær stuðning rannsókna- og alþjóðasviðs skólans og er sviðsstjóri þess jafnframt ritari ráðsins.

Hlutverk Vísindanefndar Lbhí er að:

- þróa rannsóknastefnu skólans;
- innleiða mælikvarða fyrir samfélagslega virkni vísindamanna Lbhí;
- stuðla að sterku rannsóknahverfi við skólann með hvatningu og stuðningi við einstaka vísindamenn og styrkingu stuðningsþjónustu, ferla og rannsóknaaðstöðu;
- vinna að því að auka rannsóknafjármagn við Lbhí frá opinberum aðilum og einkageira, og styðja við umsóknarvinnu einstakra vísindamanna skólans;
- gefa skýrslur til framkvæmdastjórnar skólans um stöðu rannsókna.

Allar reglur um starfsemi tengda rannsóknum skulu vera aðgengilegar á ytri vef skólans.

### **Starfshættir og viðmið sem varða akademíska starfsmenn og stöðuveitingar við Lbhí**

Stefnt skal að því að Lbhí hafi á að skipa alþjóðlega framúrskarandi vísindamönnum í öllum lektors-, dósent- og prófessorstöðum. Í þessar stöður skal að öllu jöfnu krafist doktorsprófs. Almennt skal auglýsa lausar stöður við Lbhí á alþjóðavettvangi og með nægum fyrirvara til að útiloka ekki hæfa einstaklinga frá því að sækja um starfið. Ávallt skal ráða hæfasta einstaklinginn sem völ er á í hverja lausa stöðu í samræmi við hæfiskröfur auglýsingar.

### **Rannsóknavirkni og fjármögnun**

Fjármögnun rannsókna við Lbhí byggir á stöðugri vinnu við öflun rannsóknafjár. Skólinn starfrækir rannsóknasvið sem fylgist með tækifærum til að afla ytra fjármagns til rannsókna, þjálfar starfsmenn Lbhí í að afla rannsóknafjár, aðstoðar þá við umsóknarvinnu og veitir annan nauðsynlegan stuðning eftir atvikum.

Samkeppnissjóðir, atvinnulíf og stjórnarráð Íslands eru helsta uppspretta rannsóknafjár. Starfsmenn Lbhí ættu stöðugt að leita eftir mögulegum rannsóknaverkefnum í samvinnu við íslensk og erlend fyrirtæki, stofnanir, háskóla og ráðuneyti, ásamt því að sækja um rannsóknastyrki til ofangreindra aðila, bæði innlendra og alþjóðlegra.

Lbhí hvetur til teymisvinnu og samvinnu starfsmanna, bæði innan og milli fagsviða, sérstaklega þegar slíkt er til þess fallið að ná markmiðum skólans (sjá Stefnu Lbhí 2019–2024). Lbhí skal taka viðeigandi skref til að innleiða samhæfingarkerfi sem stuðlar að rannsóknasamstarfi og teymisvinnu, t.d. er varðar sameiginlega skjalavinnslu á netinu, bókhaldsvenjur og fjárhagsáætlanir.

Lbhí stefnir að því að auka aðgengi, nýtingu og áhrif rannsóknaniðurstaðna innanlands og á alþjóðavettvangi, meðal annars með því að styðja vísindamenn skólans við að birta niðurstöður í alþjóðlega viðurkenndum, ritrýndum fræðiritum og með því að aðstoða þá við miðlun nýrrar þekkingar á aðgengilegu formi í opnum aðgangi, m.a. á vefsíðu skólans.

Jafnframt því að hvetja til birtinga niðurstaðna á innlendum sem erlendum vettvangi, virðir Lbhí reglur um hugverk og eignarrétt einstaklinga á hugverkum sem verða til vegna starfa þeirra við skólann. Meistara- og doktorsnemar gegna lykilhlutverki við rannsóknir og birtingu vísindaniðurstaðna. Stefnt skal að því að efla framhaldsnám við Lbhí og að skólinn skapi rannsóknsumhverfi sem laði að nýdókora.

Rannsóknaleyfi, þar sem akademískur starfsmaður er undanþeginn kennslu- og/eða stjórnunarskyldum í ákveðinn tíma til að sinna einungis rannsóknarvinnu og starfsþróun, eru órjúfanlegur hluti af starfsemi háskólans. Lbhí virðir þá almennu reglu að akademískir starfsmenn geti farið í rannsóknaleyfi hvert sjöunda misseri eða hvert sjöunda ár að uppfylltum skilyrðum sem sett eru fram í Reglum Lbhí um rannsóknamisseri.

*Samþykkt af háskólaráði 30. október 2019*